

Ágæti félagsmaður,

Sauðfjársláturtíð

Sauðfjársláturtíð er komin á fullt og annasamar vikur framundan. Upplýsingar um sláturáætlun, innleggsverð, heimtöku ofl. má finna á heimasíðu SS:

<https://www.ss.is/saudfe-afurdaverd/>

Á hverju ári er reynt að læra af reynslu liðins árs og skoðað hvaða vikur eru vannýttar, hvar er yfirbókað og breyta álagsgreiðslum eftir því.

Þetta hefur skilað árangri en ekki nægum og við glímum enn við að sláturvikur 2 og 3 (vikur 37 og 38 á dagatali) eru vannýttar en yfirbókað er eftir fyrstu viku í október. Tekin var ákvörðun fyrir haustið að hætta slátrun í nóvember þar sem fyrirséður var samdráttur í innleggi. E.t.v. þarf að endurskoða þá ákvörðun næst og seinka upphafi slátrunar og bæta við sláturdögum í byrjun nóvember.

Í samvinnu við Yfirkjötmatið er unnið að því að hægt verði að fylgjast með kjötmati í gegnum myndavélar. En þar sem ekki tókst að ljúka þessu verkefni fyrir sláturtíð er innleggjendum heimilt að fylgjast með kjötmati gripa sinna. Aðrir hlutar stöðvarinnar eins og réttin eru aðeins fyrir starfsfólk.

Óvenjuvel gekk að manna sláturstörfin. Mikill fengur er í því að stór hluti starfsfólks hefur unnið áður hjá félaginu í sláturtíð.

Þrjú starfsmannahús, sem hýsa samtals um 33 starfsmenn, hafa verið tekin í notkun og auðvelda mjög undirbúning sláturtíðar.



Vönduð starfsmannahús sem rúma 33 starfsmenn

Sífelld er leitað leiða til að gera betur og frá síðustu sláturtíð hefur auk starfsmannahúsanna verið sett upp ný vörulyfta milli hæða í stöðinni, verið sett upp ný ísvél sem framleiðir ís, sem notaður er til hraðkælingar og tryggir gæði innmats, og gerðar breytingar á fláningslínu til að fækka starfsfólki.

5% viðbót á allt innlegg ársins 2023

Á stjórnarfundum SS þann 6. júní síðastliðinn var ákveðið að greiða bændum 5% viðbót á allt afurðainnlegg ársins. Búið er að greiða viðbótina fyrir tímabilið janúar til júní en viðbótin fyrir seinni hluta ársins verður greidd inn á bankareikninga bænda 19. janúar næstkomandi.

Aðrar afurðastöðvar hafa jafnað viðbót SS á innlagt sauðfé en eftir því sem best er vitað er SS eina afurðastöðin sem greiðir viðbót á innlegg nautgripa, svína og hrossa.

SS er jafnframt eina afurðastöðin sem staðgreiðir allt innlegg.



Verðlækkun á kúafóðri

SS hefur boðið bændum gæða kúafóður frá Dlg á óbreyttu verði síðan í október 2022 á sama tíma og fóður hefur hækkað hjá öðrum fóðursölum.

Vegna hagstæðra samninga getur SS nú lækkað nautgripafóður um 6-10% og með framvirkum samningum er tryggt að fóðrið mun ekki hækka til loka júlí 2024.

Mest selda kúablandan, SS-16, lækkar svo dæmi sé tekið um 10% og kostar eftir verðlækkunina með 7% afslætti m.v. magnsamning 92.284,-/tn auk vsk.

Bændur eru hvattir til að nýta sér þetta og tryggja sér fóður á óbreyttu verði til næstu 10 mánaða. Sjá nánar á:

<https://www.buvorur.is/fodur-nautgripir/>



Rekstur samstæðu SS fyrri hluta 2023

Samstæða SS samanstendur af sameiginlegum rekstri SS og dótturfélaga SS Reykjagarði og Holtt og Gott.

Þrátt fyrir mjög krefjandi aðstæður var afkoma samstæðunnar góð og mun betri en fyrra ár. Sjá nánar:

<https://www.ss.is/afkoma-a-fyrri-arshelmingi-2023/>

Félagsmenn njóta þess að SS er mjög traust félag og hefur burði til frekari uppbyggingar.

Stækkun Orkugerðarinnar ehf.

SS og Reykjagarður eiga samtals 43% af hlutafé Orkugerðarinnar (OG) og er samstæða SS því stærsti einstaki eigandi félagsins.

Rekstur OG hefur mikla þýðingu fyrir SS og Reykjagarð. OG er hluti af umhverfisstefnu félaganna og hlekkur í hringrásar hagkerfinu.

Kjötmjöl, sem OG framleiðir, hefur reynst frábærlega sem áburður fyrir bændur. Hin afurðin sem verður til, fita, er bæði notuð til að keyra gufuketil verksmiðjunnar og að hluta seld úr landi til lífdísel framleiðslu.

Það er orðið ólöglegt að urða ómeðhöndlaðan sláturúrgang og starfsemi OG því mikilvægari en áður.

Til að mæta auknu framboði á lífrænum afurðum, sem OG meðhöndlar, hefur undanfarin ár verið unnið að tvöföldun á afköstum. Starfsleyfi hefur fengist stækkað úr 7 þús tn á ári upp í 14 þús tn. Helstu viðbætur til að tvöfalda afköst eru : stór ketill, stór sjóðari, fullkomin lyktareyðing, vatnskældur eimsvali, sem mun skila um 4 sekúndulítrum af 85 C heitu vatni, og ný pressa sem skilur að fitu og kjötmjöl. Samhliða er bætt við nauðsynlegri stækkun á húsnæði.

Áætlað er að heildarkostnaður verði tæpar 300 mkr. og verklok verði um næstu áramót.

Staðan á kjötmarkaði

Nú liggja fyrir upplýsingar í mælaborði landbúnaðarins um framleiðslu og sölu á síðasta afurðaári. Lítils háttar samdráttur var í heildina en töluverð breyting milli tegunda. Samdráttur í kindakjöti var mestur, 8,2%, en aukning í hrossakjöti vegna fækkunar á merum. Litlar breytingar voru á öðrum tegundum.

Á söluhlíðinni var nær engin breyting í heildina enda ekki meira til að selja. Stækkun á markaði fer í innflutt kjöt þar sem skortur hefur verið á nautgripa- og svínakjöti og birgðastaða kindakjöts verið knöpp.



Nýtt ketilhús fyrir 6 megawatta ketil



Stækkun á aðalbyggingu fyrir nýjan sjóðara, lyktareyðingu, vatnskældan eimsvala og meira geymslurými

Framleiðsla í kg.

Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	883,170	2,576,923	9,702,325	1.5 %	5.4 %	3.3 %
Hrossakjöt	66,546	118,676	963,306	11.9 %	4.1 %	16.4 %
Kindakjöt	10,537	10,954	8,640,223	-71.9 %	-70.8 %	-8.2 %
Nautgripakjöt	422,753	1,175,635	4,866,245	7.0 %	3.8 %	-0.5 %
Svínakjöt	437,132	1,511,381	6,348,481	-23.6 %	-7.7 %	-1.6 %
Samtals	1,820,138	5,393,569	30,520,580	-5.9 %	0.5 %	-1.5 %

Framleiðsla til loka ágúst 2023


Sala í kg.

Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	857,787	2,496,241	9,419,202	5.0 %	4.7 %	3.6 %
Hrossakjöt	28,157	60,874	584,363	-54.1 %	-36.3 %	7.1 %
Kindakjöt	313,020	1,136,026	6,946,328	-19.0 %	-17.3 %	-2.4 %
Nautgripakjöt	407,944	1,158,737	4,761,826	1.5 %	1.7 %	-2.8 %
Svínakjöt	442,806	1,510,764	6,347,388	-22.6 %	-7.7 %	-1.6 %
Samtals	2,049,713	6,362,641	28,059,108	-8.4 %	-4.0 %	-0.2 %

Sala til loka ágúst 2023

Upplýsingar um innflutning berast síðar en upplýsingar um framleiðslu og sölu innlands kjöts. Því verður að skoða eldri tímabil við mat á hlutfalli innflutnings.

Eftirfarandi stöplari sýnir hlutfall innflutts kjöts af heildarsölu hverrar kjötgreinar yfir tímabilið júlí 2022 til og með júní 2023. Sjá má að 17% af heildarmarkaði alifugla er innflutt kjöt, 29% af nautgripakjöti og 27% af svínakjöti. Óverulegt magn hefur verið flutt inn af kindakjöti.



Hlutfall innflutnings af heildarsölu júlí '22-júní '23

Vöruþróun & nýjungar

Vöruþróunarhópur SS vinnur ótulllega að þróun nýrra vara til að mæta óskum neytenda. Nýlegar vörur eru á grillið og tilbúinn réttur.

Úr hryggjum er hægt að selja heila eða hálfra hryggi, blandaðar kótilettur, rifjakótilettur, konfekt („frenched rack“), lundarkótilettur („T-Bone“), tvírifjur eða úrbeina hrygginn í hryggvöðva („file“) og lundir.

Í sumar setti SS á markað tvær vörur með appelsínukryddlegi sem mæltust ákaflega vel fyrir. Annars vegar lundarkótilettur sem sjást fyrir neðan og hins vegar hryggvöðva.



Lundarkótilettur (t-bein) í hentugri þakningu

Það hentar mörgum að grípa tilbúinn mat sem er bragðgóður og á sanngjörnu verði. Síðasta viðbótin við 1944 vörulínuna er á þessum nótum og mælist vel fyrir.



Beikonbollur í 1944 vörulínunni eru ódýr og góður réttur



Starfsfólkið á bak við SS

Einar Hjálmarsson hóf störf hjá félaginu árið 1998 í stórgripasláturhúsinu á Selfossi. Starfaði þar næstu árin auk þess að vinna við sauðfjárslátrun á haustin. Árið 2005 var Einar svo ráðinn sem verkstjóri í bæði stórgripa- og sauðfjárslátrun. Fór í önnur störf í eitt ár en kom aftur til starfa hjá SS sem verkstjóri í frystihúsi haustið 2007.

Í ársbyrjun 2009 var Einar svo ráðinn sem stöðvarstjóri SS á Selfossi og hefur gengt því starfi síðan.

Áhugamál Einars eru íþróttir og öðru fremur hestamennska auk brennandi áhuga á landbúnaði og störfum í sveitum.

Einar er einn af um 350 starfsmönnum sem SS byggir á.



Einar Hjálmarsson stöðvarstjóri SS

Með kveðju,

Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason